

**HB Grandi hf.**  
**Tangi hf., Bjarnarey ehf. og Svanur RE-45 ehf.**

**Gögn um samruna félaganna**  
**1. október 2004**

**Nóvember 2004**

# Efnisyfirlit

---

Samrunaáætlun .....	3	Áritun endurskoðenda .....	7
Greinargerð stjórna félaganna vegna samrunans .	5	Samrunaefnahagsreikningur 1. október 2004 .....	8
Skýrsla matsmanna .....	6		

# Samrunaáætlun

HB Grandi hf., Tangi hf., Bjarnarey ehf. og Svans RE-45 ehf.

Stjórnir HB Granda hf., kt. 541185-0389, Norðurgarði 1, Reykjavík, Tanga hf., kt. 551265-0219, Hafnarbyggð 7, Vopnafirði, Bjarnareyjar ehf., kt. 641197-2119, Hafnarbyggð 7, Vopnafirði og Svans RE-45 ehf., kt. 540200-2970, Mánatúni 4, Reykjavík, gera í dag svohljóðandi áætlun um sameiningu félaganna.

## 1. gr.

Stjórnir félaganna eru sammála um að sameina félögin undir nafninu HB Grandi hf. á grundvelli XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög og XIV kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Gilda samþykktir HB Granda hf. um hið sameinaða félag óbreyttar að öðru leyti en því að hlutafé félagsins verður aukið til að mæta samrunanum, sbr. 3. gr. og telst HB Grandi hf. vera yfirtökufélag.

Samruninn miðast við 1. október 2004 og tekur HB Grandi hf. við öllum rekstri, eignum og skuldum og skuldbindingum, réttindum og skyldum Tanga hf., Bjarnareyjar ehf. og Svans RE-45 ehf. frá þeim tíma.

## 3. gr.

Nafnverð hlutfjár í HB Granda hf. er 1.478.950.000 kr., þar af námu eigin hlutabréf í september lok sl. 400.000 kr. og var útistandandi hlutafé því 1.478.550.000 kr. Nafnverð hlutfjár í Tanga hf. er 881.993.182 kr., þar af námu eigin hlutabréf 56.177.045 kr. Hlutafé í Bjarnarey ehf. er 500.000 kr. og er allt í eigu Tanga hf., en Bjarnarey ehf. á hlutafé í Tanga hf. að nafnverði 204.680.183 kr. Útistandandi hlutafé í Tanga hf. telst því vera 621.135.954 kr. við samrunann. Hlutafé í Svani RE-45 ehf. er að nafnverði 35.217.716 kr.

Samkomulag er um að við samrunann fái hluthafar í Tanga hf. hlutabréf í HB Granda hf. að nafnverði 154.653.000 kr. fyrir allt hlutafé sitt í Tanga hf. að nafnverði 621.135.954 kr. og hluthafar í Svani RE-45 ehf. fá hlutabréf í HB Granda hf. að nafnverði 73.000.000 kr. fyrir alla hluti sína í Svani RE-45 ehf. að nafnverði 35.217.716 kr. Hlutafé í HB Granda hf. verður aukið um 227.653.000 kr., en hlutafé yfirteknu félaganna fellur niður við skipti á hlutabréfum.

## 4. gr.

Við samrunann er byggt á árshlutareikningum félaganna fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2004, en jafnframt því hafa ársreikningar félaganna fyrir árið 2003 legið fyrir.

## 5. gr.

Arður, hefur verið greiddur á árinu til hluthafa í HB Granda hf., en arður í öðrum félögum verður ekki greiddur á árinu.

**6. gr.**

Stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og matsmenn, eftirlitsmenn félaganna eða hluthafar, njóta engra sérstakra hlunninda í hinu sameinaða félagi.

**7. gr.**

Til staðfestu áætlun þessari undirrita stjórnir félaganna fjögurra áætlunina, en stjórnirnar sjá sameiginlega um framkvæmd samrunans.

Reykjavík, 23. nóvember 2004

**Í stjórn HB Granda hf.**

Ánir Vilhjálmsson  
Kristján Loftsson  
Haraldur Sturlaugsson  
Bragi Hannesson  
Halldór Teitsson

**Í stjórn Tanga hf.**

Ólafur Ármannsson  
Hafþór Róbertsson  
Ingólfur Sveinsson  
Gunnlaugur Aðalbjarnarson  
Ingimundur Ingimundarson

**Í stjórn Svans RE-45 ehf.**

Ingimundur Ingimundarson

**Í stjórn Bjarnareyjar ehf.**

Ólafur Ármannsson  
Vilhjálmur Vilhjálmsson

**Greinargerð stjórna HB Granda hf.,  
Tanga hf., Bjarnareyjar ehf. og Svans RE-45 ehf.  
skv. 121. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. einnig 96. gr. laga nr.  
138/1994 um einkahlutafélög.**

---

Fyrir liggur sameiginleg áætlun stjórna félaganna um samruna þeirra undir nafninu HB Grandi hf. og miðast samruninn við 1. október 2004. Við samrunann er byggt á árshlutareikningum félaganna fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2004 og er samrunaefnahagsreikningurinn, sem fylgir greinargerð þessari, byggður á þeim.

Útistandandi hlutafé í HB Granda hf. nemur 1.478.550.000 kr. og verður það aukið um 227.653.000 kr. til að mæta samrunanum. Hluthafar í Tanga hf. fá hlutabréf að nafnverði 154.653.000 kr. fyrir alla hluti sína í því félagi að nafnverði 621.135.954 kr. og hluthafar í Svani RE-45 ehf. fá hlutabréf að nafnverði 73.000.000 kr. fyrir alla hluti sína að nafnverði 35.217.716 kr. Hlutafé hinna yfirteknu félaga fellur síðan niður við samrunann og skipti á hlutabréfum.

Við ákvörðun á skiptihlutfalli hefur farið fram mat á félögunum þar sem allar eignir þeirra hafa verið metnar með samræmdum hætti til upplausnarvirðis jafnframt því sem tekið hefur verið tillit til sérstakra aðstæðna hjá einstökum félögum. Hið metna upplausnarvirði hefur síðan verið notað sem grundvöllur að ákvörðun um hlutfall hvers félags í hinu sameinaða félagi.

Tilgangur með samrunanum er að auka hagkvæmni í rekstri félaganna.

Reykjavík, 23. nóvember 2004

**Í stjórn HB Granda hf.**

Ánir Vilhjálmsson  
Kristján Loftsson  
Haraldur Sturlaugsson  
Bragi Hannesson  
Halldór Teitsson

**Í stjórn Tanga hf.**

Ólafur Ármannsson  
Hafþór Róbertsson  
Ingólfur Sveinsson  
Gunnlaugur Aðalbjarnarson  
Ingimundur Ingimundarson

**Í stjórn Svans RE-45 ehf.**

Ingimundur Ingimundarson

**Í stjórn Bjarnareyjar ehf.**

Ólafur Ármannsson  
Vilhjálmur Vilhjálmsson

Stjórnir  
HB Granda hf., Tanga hf.,  
Bjarnareyjar ehf. og Svans RE-45 ehf.

Reykjavík, 23. nóvember 2004.

**Efni: Greinargerð stjórnna HB Granda hf., Tanga hf., Bjarnareyjar ehf. og Svans RE-45 ehf. skv. 121. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. einnig 96. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.**

Við höfum kannað samrunaáætlun framangreindra félaga ásamt greinargerð stjórnna, dags. í dag, og viljum í því sambandi taka eftirfarandi fram:

Samkvæmt samrunaáætluninni hafa stjórnir félaganna ákveðið að félögin verði sameinuð undir nafninu HB Grandi hf. Markmiðið með samrunanum er að auka hagkvæmni í rekstri félaganna eins og fram kemur í greinargerð stjórnna félaganna.

Ársreikningar félaganna fyrir árið 2003 og árshlutareikningar þeirra fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2004 liggja fyrir og er samrunaefnahagsreikningurinn byggður á árshlutareikningunum. Fyrir liggur mat á upplausnarvirði félaganna og hefur skiptihlutfall milli félaganna verið ákvarðað með hliðsjón af því mati, en jafnframt hefur verið litið til markaðsverðs hlutabréfa í HB Granda hf. og Tanga hf., en þau félög eru skráð í Kauphöll Íslands hf. Með hliðsjón af fyrirbyggjandi mati og öðrum upplýsingum um rekstur og fjárhagsstöðu félaganna hafa stjórnir félaganna komist að niðurstöðu um skiptihlutfallið. Hlutafé í HB Granda hf., sem er yfirtökufélag, verður aukið um 227.653.000 kr. við samrunann og fá hluthafar í Tanga hf. hlutabréf í HB Granda hf. að nafnverði 154.653.000 kr. fyrir allt hlutafé sitt í því félagi og hluthafar í Svani RE-45 ehf. fá hlutabréf að nafnverði 73.000.000 kr. fyrir allt hlutafé sitt í Svani RE-45 ehf. Hlutafé hinna yfirteknu félaga fellur niður við skiptin þar með hlutafé í Bjarnarey ehf., en Tangi hf. á allt hlutafé í því félagi.

Með vísun til samrunaáætlunarinnar og þeirra matsgagna sem liggja fyrir er það álit okkar að hið ákvarðaða skiptihlutfall sé eðlilegt og efnislega rökstutt.

Ekki verður talið að samruninn rýri möguleika lánardrottna félaganna á fullnustu krafna sinna.

Virðingarfyllst,

Ólafur Nilsson  
Sæmundur Valdimarsson  
**KPMG Endurskoðun hf.**

# Áritun endurskoðenda

Til stjórna HB Granda hf., Tanga hf.,  
Bjarnareyjar ehf. og Svans RE-45 ehf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samrunaefnahagsreikning HB Granda hf., Tanga hf., Bjarnareyjar ehf. og Svans RE-45 ehf., en hann er byggður á árshlutareikningum félaganna fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2004. Árshlutareikningarnir eru áritaðir könnunaráritun af endurskoðendum og skoðunarmanni félaganna. Í samrunaefnahagsreikningi er gerð grein fyrir þeim breytingum á eiginfjárreikningum og öðrum efnahagsliðum sem samruninn hefur í för með sér.

Samkvæmt samrunaáætlun stjórna félaganna, dags. í dag, miðast samruninn við 1. október 2004, en eigið fé samkvæmt samrunaefnahagsreikningi nemur 8.404 millj. kr.

Reykjavík, 23. nóvember 2004

Ólafur Nilsson  
Sæmundur Valdimarsson  
**KPMG Endurskoðun hf.**